

HÚSÖNDIN

18.tbl. 4.árg.
1. júní 2021

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 2. - 8. JÚNÍ

2.6. Ásdís Erla Jóhannesdóttir

3.6. Friðrik Arnarson, Júlíus Gunnar Björnsson

5.6. Hrafnhildur Geirsdóttir

7.6. Kjartan Þ Sigurðsson, Unnur Þóra Jökulsdóttir, Agla Rögnvaldsdóttir

8.6. Þórunn Einarsdóttir



Kosningar um sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar fara fram Laugardaginn 5. júní.

Rétt til að kjósa hafa allir 18 ára og eldri sem eru á kjörskrá í viðkomandi sveitarfélagi. Kjörskrár munu liggja frammi á skrifstofum sveitarfélaganna þar til kl. 12:30 föstudaginn 4. júní. Einstaklingar geta líka athugað hvort þeir séu á kjörskrá og hvar þeir eigi að kjósa á heimasíðu Þjóðskrár.
<https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/>

Kjördagur, 5. júní:

Kjölfundur í Skútustaðahreppi fer fram í **Skjólbrekku** frá kl. **10 – 22**.

Kjölfundur í Þingeyjarsveit fer fram í **Ljósvetningabúð** frá kl. **10 – 22**.

Kjösendur skulu hafa meðferðis persónuskilríki.

Það verður hægt að fylgjast með talningu atkvæða í streymi á Facebook síðum sveitarfélaganna og á www.thingeyingur.is. Talning hefst fljótlega eftir kl. 22:00.

The public voting on the merger of municipalities Skútustaðahreppur and Þingeyjarsveit is on Saturday, June 5th, 2021.

Who can vote? Icelandic citizens who are domiciled in either municipality and have reached the age of 18 on election day. Danish, Finnish, Norwegian and Swedish citizens who have been domiciled in Iceland for 3 consecutive years before election day have the right to vote. Other foreign nationals who have been domiciled in Iceland for 5 consecutive years before election day have the right to vote.

The register of electors is available for public inspection at the offices of the municipal council.
Individuals can also see if they are registered at the national register online; <https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/>

Polling day, June 5th:

The polling station in Skútustaðahreppur will be in **Skjólbrekka** and is open from **10 – 22**.

The polling station in Þingeyjarsveit will be in **Ljósvetningabúð** and is open from **10 – 22**.

Remember to bring your ID with you!

You can watch the counting of the votes live from the municipalities Facebook pages and www.thingeyingur.is, it starts soon after the polling stations close.

Publiczne głosowanie w sprawie połączenia Skútustaðahreppur i Þingeyjarsveit odbędzie się w sobotę 5 czerwca 2021 roku.

Kto może głosować? O fuzji mogą głosować obywatele Islandii, którzy mają miejsce zameldowania, w jednej z gmin i ukończyli 18 lat. Obywatele Polski, którzy mają miejsce zameldowania w jednej z gmin i mieszkają na Islandii co najmniej 5 lat lub posiadają obywatelstwo islandzkie.

Listy wyborców znajdują się w biurach danej gminy. Osoby mogą zobaczyć, czy są zapisane na listę oraz gdzie mogą głosować na stronie <https://skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa/>

Dzień głosowania, 5 czerwca:

Lokal wyborczy w Skútustaðahreppur będzie znajdował się w **Skjólbrekka** i będzie otwarty od **10 – 22**.

Lokal wyborczy w Þingeyjarsveit będzie znajdował się w **Ljósvetningabúð** i będzie otwarty w godzinach **10 – 22**.

Pamiętaj, aby zabrać ze sobą dowód osobisty!

PITT ATKVÆÐI SKIPTIR MÁLI!
YOUR VOTE MATTERS!
LICZY SIĘ TWÓJ GŁOS!

WWW.THINGEYINGUR.IS



ÞINGEYINGUR

Örnefnaskráning í Þingeyjarsýslum



Kynning á samstarfsverkefni Urðarbrunns- menningarfélags og Landmælinga Íslands sem nefnist Örnefnaskráning í Þingeyjarsýslu(m) og hefur staðið frá 2013. Eftir kynningu mun örnefnateymi Landmælinga Íslands halda námskeið fyrir þá sem vilja læra að staðsetja örnefni í örnefnagrunn (skráningartól) Landmælinga Íslands.

Áhugafólk velkomið meðan húsrúm og sóttvarnartakmörk leyfa. Þeir sem hyggjast sitja námskeið Landmælinga þurfa að skrá sig annað hvort í Stórutjarnaskóla eða Skjólbrekku.

Skráning: hac@hac.is eða www.hac.is eða í síma 464-5100
Nánari upplýsingar veita Halldór Valdimarsson halldorva@simnet.is
s.8467603 og Emil Björnsson emilbb51@simnet.is s. 7883833

Staður og tími: Stórutjarnarskóli mánudaginn 7. júní kl. 15:00 eða
Skjólbrekka þriðjudaginn 8. júní kl 13:00

Námskeiðið er ókeypis.



Þekkingarnet
Þingeyinga

Til framtíðar

Ágætu íbúar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Eins og ykkur er ljóst fara fram kosningar um sameiningu sveitarfélaganna þann 5. júní næstkomandi.

Undanfarnar vikur og mánuði hafa verið haldnir fjölmargir íbúafundir til að vinna að og kynna hvað í sameiningu felst. Hver eru tækifærin og hverjar eru ógnirnar.

Algengasta spurningin sem við höfum fengið á þessum fundum er: Til hvers að sameinast? Er þetta ekki bara í góðu lagi eins og þetta er?

Jú, ef ekkert breytist gæti óbreytt ástand alveg gengið, en staðreyndin er sú að allt er breytingum háð og við lifum nú tíma hraðfara breytinga, samfélagslegra og tæknilegra. Við trúum því að við slíkar kringumstæður sé betra að taka frumkvæðið og skapa þróun í stað þess að verða fórnarlömb hennar.

Starfsemi sveitarfélaga gerist sífellt flóknari og kallar á meiri sérhæfingu og þekkingu starfsfólks og meiri tíma og skuldbindingu kjörinna fulltrúa.

Við teljum að með sameiningu fái svæðið meira vægi og slagkraft gagnvart ríkisvaldinu, sem og í þeim samstarfsverkefnum sem sveitarfélögin eru þátttakendur í. Við höfum í raun fundið það nú þegar, meðal annars í gegnum Nýsköpun í norðri að þegar við leggjumst saman á áramnar náum við betri árangri í því að draga fólk, fjármagn og þjónustu að svæðinu í heild sinni.

Það er niðurstaða samstarfsnefndar um sameiningu að ekki sé ástæða til að breyta starfsstöðvum leik-, grunn- og tónlistarskóla frá því sem nú er. Að því gefnu að sameining verði samþykkt og fjöldi barna haldist svipaður. Hins vegar gætu skapast tækifæri til að bæta staðþjónustu við skólana og nemendur og auka samvinnu nemenda, kennara og starfsfólks skólanna þriggja. Raunar er það svo að með þróun tækninnar í skólastarfi hafa opnast nýjar víddir hvað snertir skapandi samstarf og kennslufræðilegar nýjungar. Þá eru margvísleg tækifæri til eflingar félags-, íþrótt- og menningarstarfs ungmenna þessu tengt.

Hvað varðar stjórnsýsluna er gert ráð fyrir því að starfsstöðvarnar verði tvær en stjórnsýslan notfæri sér stafræna tækni til að færa þjónustuna nær íbúum og auka möguleika þeirra á því að hafa áhrif og verða virkari þátttakendur í mótun samfélagsins. Eins má gera ráð fyrir því að starfsmenn stjórnsýslunnar verði ekki eins bundnir stað og tíma og nú er. Þetta er eitt af því sem covid hefur dregið fram og skapar fjölmörg tækifæri til mótunar fjölskylduvæns vinnuumhverfis.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Í upphaflegri gerð þess var gert ráð fyrir því að lögbinda lágmarks íbúafjölda sveitarfélaga. Nú er gert ráð fyrir að horfið verði frá þeirri aðferðafræði en þess í stað teknir inn aðrir hvatar og mælikvarðar sem þjóni svipuðum tilgangi, enda er víðtækur stuðningur við eflingu sveitarstjórnarstigsins og að horfið verði frá þeirri þróun sem margir kalla þriðja stjórnsýslustigið.

Í þessu átaki til eflingar sveitarstjórnarstigsins hefur verið aukið verulega það fjármagn sem stendur þeim sveitarfélögum sem ákveða að sameinast til boða. Fjármagn til að þróa og efla stjórnsýslu og þjónustu við íbúa, fjármagn til skuldajöfnunar og verkefna sem til framfara horfa svo sem Nýsköpunar í norðri.

Þannig má gera ráð fyrir að verði þessi sameining samþykkt fái nýtt sveitarfélag um 500 milljónir úr þessum sjóði. Nákvæm tala liggur ekki fyrir því hún mun miðast við ársreikning 2021. Þessi upphæð greiðist á fimm árum og það er trú okkar að á þeim tíma skapist andrúm til að endurskipuleggja og þróa starfsemi nýs sveitarfélags.

Það er því alveg ljóst að kosningarnar 5. júní eru þessu svæði afar mikilvægar. Við viljum hvetja þig lesandi góður til að kynna þér málið vel og inn á slóðinni thingeyingur.is er mikið magn upplýsinga sem er afrakstur vinnu fjölda fólks úr vinnuhópum, íbúafundum og samstarfsnefnd um sameiningu sem varpa skýrara ljósi á þetta verkefni en hægt er ná í stuttri blaðagrein.

Tökum upplýsta ákvörðun, mætum á kjörstað og kjósum samkvæmt sannfæringu okkar.

Og hvað sem gerist og hvernig sem fer skulum við ganga samhent til móts við framtíðina.

Helgi Héðinsson, formaður samstarfsnefndar og oddviti Skútustaðahrepps.
Arnór Benónýsson, varaformaður samstarfsnefndar og oddviti Pingeyjarsveitar.

ÍTREKUN AF GEFNU TILEFNI,

ÖLL losun hvers kyns úrgangs á gömlu ruslahaugunum í Kolatorfu (Bjarnarflagi) er stranglega bönnuð.

Landeigendur Reykjahlíðar

